

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2021 / 2022
Ábyrgðarmaður:	Skrifstofustjóri áætlana- og uppgjors

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskímunar:

Með jafnréttisskímun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskímunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	25. ágúst 2026.
Svið:	Velferðarsvið og skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.
Unnið af:	Dís Sigurgeirsdóttur og Aðalbjörgu Dísu Guðjónsdóttur.
Verkefni/tillaga:	Breytt stjórnskipulag velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs.
Þjónustubáttur:	Skóla- og frístundaþjónusta og velferðarþjónusta.
Stofnun/kostn.st.:	Varðar fjölda kostnaðarstaða hjá hlutaðeigandi sviðum
Fjárhæð:	Fjárhæð hagræðingar eru 900 m.kr.
Annað:	

Jafnréttisskímun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Lagt er til að borgarráð samþykki að gera breytingar á stjórnskipulagi velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs, frá og með 1. september 2026, í samræmi við markmið stýrihóps um hagræðingu og innleiðingu breytinga hjá Reykjavíkurborg, sem eru að gera stjórnsýslu Reykjavíkurborgar skilvirkari, gagnsærri og þjónustumiðaðri, draga úr kostnaði við yfirbyggingu og nýta fjármuni borgarinnar betur. Sjá meðfylgjandi tillögu.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Tillagan varðar breytt skipulag á velferðarsviði og skóla- og frístundasviði. Stefnur borgarinnar, velferðarstefna, menntastefna, mannréttindastefna og aðrar stefnur borgarinnar gilda jafnt um starfseminu í nýju skipulagi.
Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar nema ómögulegt sé.
Um er að ræða víðtækar skipulagsbreytingar í skóla- og frístundaþjónustu og velferðarþjónustu og snúa ekki að einstökum markhópum.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og/eða annarra hópa sem mannréttindastefnan tiltekur? Rökstyðjið.
Alls missa 54 starf sitt, þar af eru 27,2 stöðugildi stjórnenda. Um er að ræða 41 stöðu á velferðarsviði sem 14 karlmenn og 27 konur hafa sinnt og 13 stöður á skóla- og frístundasviði, sem sex karlmenn og sjö konur hafa sinnt. Þar af eru sex starfsmenn 60 ára og eldri og 48 starfsmenn 59 ára og yngri.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.